

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

I. Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á eftirtöldum götum:

1. Bræðraborgarstíg, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Hringbraut og Vesturgötu.
 2. Höfðatúni, þó þannig, að umferð um Höfðatún víki fyrir umferð um Lauga-veg og Borgartún.
 3. Ægisgötu, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Mýrargötu, Vesturgötu og Túngötu. Jafnframt er ákveðið, að umferð um Ægisgötu hafi stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Vesturgötu.
 4. Umferð austur Túngötu hafi biðskyldu gagnvart umferð um Hofsvallagötu.
- II. Bifreiðastöður eru bannaðar á Öldugötu að norðanverðu frá Brekkustíg að Unnarstíg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 5. október 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

Af hverju ökutæki, sem ekur um Reykjanesbraut, fram hjá gjaldstöð nálægt bænum Straumi sunnan við Hafnarfjörð, skal greiða umferðargjald, miðað við aðra leið, sem hér segir:

I. flokkur:	
Fólksbifreiðar undir 1100 kg eigin þunga og sendiferðabifreiðar undir 450 kg að burðarmagni	kr. 20.00
II. flokkur:	
Fólksbifreiðar yfir 1100 kg eigin þunga, sendiferðabifreiðar yfir 450 kg að burðarmagni og vörubifreiðar undir 1.5 tonn að burðarmagni	— 25.00
III. flokkur:	
Vörubifreiðar með burðarmagn 1.5—5 tonn, almenningsbifreiðir fyrir 8—20 farþega	— 50.00
IV. flokkur:	
Vörubifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn, kranabifreiðar og almenningsbifreiðar fyrir fleiri en 20 farþega	— 100.00

V. flokkur:

Vörubifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn, með tengivagn og drátt-
arbifreiðar með festivagni kr. 150.00

Önnur ökutæki en bifreiðar greiði:

Eigin þungi 1—3 tonn, samkv. II. flokki.

Eigin þungi 3—6 tonn, samkv. III. flokki.

Eigin þungi yfir 6 tonn, samkv. IV. flokki.

2. gr.

Umferðargjald samkv. 1. gr. skal innheimt af Vegagerð ríkisins í gjaldstöð nálægt bænum Straumi sunnan við Hafnarfjörð. Skal gjaldið innheimt þar tvöfalt af öllum ökutækjum á suðurleið, en innheimtu gjaldsins sleppt af öllum ökutækjum á norðurleið.

3. gr.

Undanþegnar greiðslu umferðagjalds eru eftirlitsbifreiðar lögreglunnar, sjúkra-
bifreiðar og slökkvibifreiðar.

Heimilt er að veita afslátt á umferðargjaldi, samkvæmt nánari ákvörðun ráð-
herra, ef keyptir eru 50 gjaldseðlar eða fleiri í einu.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri
hegning liggi við að lögum.

5. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963,
til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. október 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

1. nóvember 1965.

Nr. 203.

AUGLÝSING

**um komu- og brottfararstaði fyrir útlendinga hér á landi, sbr. 17. gr. reglugerðar
um eftirlit með útlendingum, nr. 148 frá. 3. sept. 1965.**

Ákveðið hefur verið, að útlendingum skuli heimil landganga eða för úr landi
um eftirfarandi hafnir og flugvelli:

I. Hafnir:

Reykjavík,
Akranes,
Patreksfjörður,
Ísafjörður,
Sauðárkrókur,
Siglufjörður,
Akureyri,